

## REGLUGERÐ

**um (10.) breytingu á reglugerð nr. 167/2015 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.**

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist einn nýr töluliður, 70. tölul. svohljóðandi:

70. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1834 frá 17. október 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið monepantel. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2017, frá 17. mars 2017. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24, frá 20. apríl 2017, bls. 605.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir og lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, öll með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 26. maí 2017.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Ólafur Friðriksson.**

*Iðunn Guðjónsdóttir.*